

134 af meðlögunum samkvæmt framannefndu leyfisbrjefi, verða ekki talin eiga hjer
10. des. við, er um er að ræða samning milli hjóna, sem aðeins eru skilin að borði og
sæng, heldur aðeins er hjón eru skilin að lögum, sbr. einnig 54. gr. nefndra laga.
Með því að umrædd greiðsla til konunnar heldur ekki fullnægir þeim skilyrðum,
sem sett eru fyrir veitingu fátækrastryrks, verður framfærslusveit hjónanna, Sand-
víkurhreppur, ekki skyldur til að endurgreiða nefndar meðlagseftirstöðvar 168 kr.
70 au., en 11 kr. 30 au. af hinum útlögðu 180 kr. hefir Vestmannaeyjahreppur
fengið endurgoldnar við lögtaksgjörð hjá manningum.

Samkvæmt framanrituðum ástæðum verður fyrgreindur úrskurður yðar,
um að Sandvíkurhreppur skuli vera laus við endurgjaldskröfu Vestmannaeyja-
hrepps í þessu máli, að standa óhaggaður.

Þetta er yður hjer með tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd
Sandvíkurhrepps.

Reglugjörð

135

17. des.

um breyting á og viðauka við reglugjörð 28. apríl 1915 um bifreiðar og próf fyrir bifreiðarstjóra.

I. Í staðinn fyrir ákvæðin í reglugjörð 28. apríl 1915, um bifreiðar og
próf fyrir bifreiðarstjóra, B, 1.c komi svohljóðandi ákvæði:

c. Vottorð læknis um:

Að hann hafi, með eða án gleraugna, minst sjónskerpu á $\frac{6}{9}$. á betra
auga, en $\frac{6}{18}$. á hinu, og að útsýnið, prófað með hendinni, sje eðlilegt.
Að hann hafi heyrn svo góða, að hann að minsta kosti heyri orð, töluð
vanalegum rómi, í 16 metra fjarlægð, og ekki minni heyrn á verra eyra
en að hann heyri þau í 2 metra fjarlægð.

Að hann sje svo limaliðugur, að honum sje fært að nota hendur og fætur
við aksturinn (sbr. 4.).

II. Aftan við B, 4. í nefndri reglugjörð er bætt þessum ákvæðum:

Læknisvottorð það, sem ræðir um í 1.c, skal endurnýja fimta hvert
ár og leggja fyrir lögreglustjóra, sem ritar vottorð um það á ökuskir-
teinið, eða gefur út nýtt ökuskirteini, að öðrum kosti er ökuskirteini
úr gildi fallið.

Í stjórnarráði Íslands, 17. desember 1915.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.